



23.06.2023

Veitur þakka fyrir fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um lokanir sundlauga á köldum dögum og hvernig Veitur séu að bregðast við mögulegum kuldaköstum.

Fyrst ber að nefna að íbúar á höfuðborgarsvæðinu þurfa ekki að búast við því að sundlaugar verði lokaðar á köldum dögum. Þvert á móti kemst fólk í sund hvernig sem viðrar yfir 99 prósent tímans. Kerfi Veitna eru nær alltaf í stakk búin til að sjá öllum fyrir heitu vatni, allt árið um kring. Hins vegar gera samningar okkar og taxtar við stórnotendur, þar á meðal við sundlaugar, ráð fyrir því að þegar nauðsyn beri til getum við gripið til skerðinga á heitu vatni til þeirra í þeim tilgangi að tryggja heitt vatn til heimila. Við forgangsröðum alltaf til húshitunar. Þetta höfum við einungis þurft að gera í örfá skipti á margra ára fresti. Þar á meðal síðasta vetur sem var sá kaldasti í yfir hundrað ár, og aldrei fleiri heimili verið tengd kerfunum okkar.

Í kuldakastinu varð bilun í Hellisheiðarvirkjun sem gerði það að verkum að hitaveitan gat ekki starfað á fullum afköstum. Þá skapaðist mikið álag á flutningskerfi Veitna og hvatti fyrirtækið íbúa, stofnanir og fyrirtæki á svæðinu til að fara vel með heita vatnið sitt og heitt vatn til sundlauga var skert í nokkra daga. Þó svo að kuldaköst eins og það sem átti sér stað síðasta vetur séu ekki algeng þá er ekki útilokað að slík kuldaköst verði algengari vegna breytinga á veðurfari. Veitur horfa því bæði til skamms og langs tíma í viðbrögðum við því.

Til skemmri tíma má nefna að Veitur hafa hafið framkvæmdir við nýjan geymi á Reynisvatnsheiði sem mun jafna sveiflur og auka afhendingaröryggi. Þá er verið að setja niður djúpdælu við jarðhitasvæðið í Mosfellsbæ og verið er að hreinsa Nesjavallapípuna sem liggur frá Nesjavallavirkjun og til Reykjavíkur til að auka flutningsgetu. Allt eru þetta skammtímaáðgerðir sem munu tryggja enn frekar getu Veitna til að geta afhent heitt vatn til allra íbúa, stofnana og fyrirtækja í gegnum kalda vetur.

Til lengri tíma eru Veitur að styrkja forðaöflun með fjölgun á djúpdælum til næstu þriggja ára á ofangreindu jarðhitasvæði í Mosfellsbæ og í Reykjavík sem mun auka toppaflíð í kerfinu. Þá er jarðhitaleit í gangi þar sem verið er að leita að nýjum borunarkostum.

Veitur hafa unnið eftirspurnarspár hundrað ár fram í tímann með tilliti til mannfjöldaspár. Út frá þeim eru teknar ákvarðanir um til hvaða framkvæmda þarf að grípa og verið er að vinna markvisst eftir þeim áætlunum. Veitur gætu farið í tugmilljarða fjárfestingar til þess að koma í veg fyrir að þurfa nokkurn tímann að loka sundlaug í nokkra daga á margra ára fresti. Veitur eru hins vegar opinbert fyrirtæki og fara með almannafé og þurfa fjárfestingar fyrirtækisins að endurspegla þá ábyrgð sem við berum. Í því ljósi leitast Veitur við að fjárfestingar fyrirtækisins endurspegli kjarnahlutverk hitaveitunnar – sem er heitt vatn til húshitunar.

Hrefna Hallgrímsd

Hrefna Hallgrímsdóttir
Forstöðumaður hitaveitu Veitna
Hrefna.Hallgrimsdottir@veitur.is